

Miðvikudaginn 26. janúar 1983.
 Nr. 14/1983. **María Ástmarsdóttir**
 gegn
hugsanlegum rétthöfum að fasteigninni
Einarsnesi 28, Reykjavík.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Eignardómsmál.
 Oskipt bú. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1982, en vitneskju um dóminn fékk hann 20. desember 1982. Kæran barst Hæstarétti 19. janúar 1983.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Svo sem fram kemur í hinum kærða dómi, hefur enginn gefið sig fram eftir eignardómsstefnunni til að andmæla eignardómskröfu sóknaraðilja.

Sú ónækvæmni er í eignardómsstefnunni, að sagt er, að Einarsnes 38 hafi verið í eignarráðum dánarbús Aðalsteins Guðbjartssonar, eiginmanns sóknaraðilja, frá andláti hans árið 1973. Hið rétta er, að sóknaraðili fékk þegar á því ári leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Í stefnunni er þó jafnframt frá því greint, að meðal gagna, sem sóknaraðili muni leggja fram í málinu eignardómskröfunni til sönnunar, sé vottorð skiptaráðandans í Reykjavík um leyfi sóknaraðilja til handa til setu í óskiptu búi eftir mann sinn. Samkvæmt þessu og efni stefnunnar að öðru leyti gat það eigi dulist þeim, er mótmæla vildu eignardómskröfunni, að sú krafa væri á því reist, að Einarsnes 38 hefði í fullan hefðartíma verið í eignarráðum Aðalsteins Guðbjartssonar, síðan dánarbús hans og loks sóknaraðilja amkvæmt búsetuleyfi skiptaráðanda.

Samkvæmt þessu þykir framangreind ónækvæmni í eignardómsstefnunni ekki eiga að leiða til frávísunar málsins frá bæjarþinginu. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir

héraðsdómara að dæma að efni til um eignardómskröfu sóknaraðilja, sem á málsaðild varðandi eignir í hinu óskipta búi, sbr. 10. gr. og 11. gr. laga nr. 8/1962.

Það athugast, að héraðsdómari tilkynnti ekki umboðsmanni sóknaraðilja, svo að séð verði, um uppkvaðningu hins kærða frávísunardóms, sbr. 194. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október sl., er höfðað með opinberri stefnu, birtri 15. júlí 1982, af Mariu Ástmarsdóttur, nnr. 6414-4138, Einarsnesi 38, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að henni verði dæmdur eignarréttur að húseigninni Einarsnesi 38, áður Þvervegi 2 A, Reykjavík, með tilheyrandi lóð og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 14. apríl 1944 hafi Guðmundur Agnarsson, Hringbraut 215, Reykjavík, og þáverandi eiginmaður stefnanda, Aðalsteinn Guðbjartsson, Hamri, Seltjarnarnesi, gert með sér kaupsamning um húseignina nr. 2 A I við Þverveg í Reykjavík með tilheyrandi lóð og öllu öðru, sem eigninni fylgdi og fylgja bar. Hafi afsal verið gefið út milli sömu aðilja þann 24. maí s. á. Afsalinu hafi verið þinglýst með þeirri athugasemd, að seljanda brýsti þinglýsta eignarheimild.

Stefnandi sitji nú í óskiptu búi eftir mann sinn.

Frá því árið 1944, eða í meira en fullan hefðartíma, hafi Aðalsteinn Guðbjartsson og síðan dánarbú hans, en hann hafi látist árið 1973, haft óskoruð eignarráð fasteignarinnar og því sé skilyrðum eignarréttar fullnægt, sbr. 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Með hliðsjón af þessu og með vísan til 220. gr. laga nr. 85/1936 beri brýna nauðsyn til, að aflað sé athugasemdalausrar eignarheimildar, og því sé mál þetta höfðað.

Opinber stefna hefur verið gefin út og birt lögum samkvæmt, en enginn sótt þing til þess að andmæla eignardómskröfu stefnanda. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í vottorði skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 11. nóvember 1981, kemur fram, að stefnandi, Mariu Ástmarsdóttur, var með bréfi skiptaráðandans

í Reykjavík, dags. 17. október 1973, veitt leyfi til setu í óskiptu félagsbúi sinu og maka síns, Aðalsteins Guðbjartssonar.

Stefnandi gerir kröfu til þess, að henni verði dæmdur eignarréttur að fasteigninni Einarsnesi 38, Reykjavík. Samkvæmt fullyrðingu stefnanda í stefnu hefur Aðalsteinn Guðbjartsson og síðan dánarbú hans haft óskoruð eignarráð fasteignarinnar í fullan hefðartíma. Með hliðsjón af þessari fullyrðingu verður að telja, að mál þetta sé ekki réttilega höfðað, og ber því af þeim sökum að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist sökum embættisanna dómarsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. janúar 1983.

Nr. 19/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Þór Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur. Málsvarnarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. janúar 1983, sem barst Hæstarétti 21. s. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur, þó svo, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn 6 mánuðir.